



Borgarráð

Reykjavík, 25. júní 2026

MSS25120054

Eigendanefnd Orkuveitunnar - endurnýjun erindisbréfs og kosning fulltrúa

Lagt er til að borgarráð samþykki að endurnýja erindisbréf eigendanefndar Orkuveitunnar og að fulltrúar Reykjavíkurborgar í eigendanefndinni verði Einar Þorsteinsson, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Pétur Marteinson og Ari Edwald.

Greinargerð:

Þann 14. nóvember 2025 á eigendafundi Orkuveitunnar var samþykkt að gera tillögu til eigenda um að skipa eigendanefnd, sambærilega þeirri sem vann að undirbúningi eigendastefnu, sem samþykkt var árið 2010. Þann 18. desember 2025 samþykkti borgarráð hjálagt erindisbréf eigendanefndar og kaus í hana fulltrúa Reykjavíkurborgar. Við lok kjörtímabils sveitarstjórna féll umboð nefndarinnar hins vegar niður. Á fundi eigendanefndar 8. apríl sl. samþykkti nefndin að mælast til þess við eigendur að starfinu yrði haldið áfram að loknum kosningum og hefur Orkuveitan nú óskað eftir endurnýjun erindisbréfs og kjöri fulltrúa í eigendanefndina.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf til eigenda Orkuveitunnar vegna eigendanefndar, dags. 5. júní 2026.

Erindisbréf eigendanefndar Orkuveitunnar 2025.



Reykjavík



Reykjavík, 5. júní 2026

Til eigenda Orkuveitunnar

borgarstjórans í Reykjavík
bæjarstjórans á Akranesi
sveitarstjórans í Borgarbyggð og Skorradalshreppi

Efni: Eigendanefnd Orkuveitunnar

Á eigendafundi Orkuveitunnar, 14. desember 2025, var eftirfarandi samþykkt:

Endurskoðun eigendastefnu: Samþykkt að gera tillögu til eigenda um að skipa eigendanefnd, sambærilega þeirri sem vann að undirbúningi eigendastefnu, sem samþykkt var árið 2010. Drög að erindisbréfi verði sent eigendum.

Á fundum 18. desember 2025 samþykktu byggðaráð eigenda Orkuveitunnar hjálaga erindisbréf fyrir nefndina og kusu í hana fulltrúa. Eigendanefnd skyldi skila tillögum til sveitarstjórna eigenda fyrir 31. desember 2026. Í marsmánuði kynnti nefndin í byggðaráðum eigenda áfangaskýrslu um starfið er einkum laut að félagiformi. Við lok kjörtímabils sveitarstjórna féll hinsvegar umboð nefndarinnar niður, sbr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga. Á fundi eigendanefndar 8. apríl 2026 samþykkti nefndin að mælast til þess við eigendur að starfinu yrði haldið áfram að loknum kosningum.

Tilgangur þessa erindis er að óska eftir endurnýjun erindisbréfs og kjöri fulltrúa í eigendanefndina.

Jafnframt er boðið að kynna fyrrnefnda áfangaskýrslu fyrir nýjum byggðaráðum eigenda-sveitarfélaganna. Sé áhugi á, er æskilegt frá bæjardryrum Orkuveitunnar að kynningar yrðu á tímabilinu 22. júní til 3. júlí.

Virðingarfyllst,

Elín Smáradóttir
yfirlögfræðingur

Hjálaga:
Erindisbréf eigendanefndar Orkuveitunnar 2025

Erindisbréf eigendanevndar Orkuveitu Reykjavíkur um endurskoðun eigendastefnu o.fl.

Inngangur:

Á eigendafundi Orkuveitu Reykjavíkur sem haldinn var 14. nóvember 2025 var eftirfarandi samþykkt:

Endurskoðun eigendastefnu: Samþykkt að gera tillögu til eigenda um að skipa eigendanevnd, sambærilega þeirri sem vann að undirbúningi eigendastefnu, sem samþykkt var árið 2010. Drög að erindisbréfi verði sent eigendum.

Hlutverk:

Eigendanevnd Orkuveitu Reykjavíkur er sameiginlegur vettvangur þeirra sveitarfélaga sem standa að fyrirtækinu og hefur það hlutverk að endurskoða gildandi eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur.

Helstu verkefni:

Rýni og mótun tillagna að endurskoðun eigendastefnu, m.a. með hliðsjón af nýrri heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Mótun tillagna að breytingum á lögum, reglugerð, sameignarsamningi, samþykktum og félagiformi, eftir því sem þörf krefur. Tillögur verði lagðar fyrir sveitarstjórnir eigenda til samþykktar.

Skipan eigendanevndar:

Reykjavíkurborg skipar fjóra fulltrúa, sem skv. samþykkt borgarráðs dags. 18. desember 2025 eru:

Líf Magneudóttir, Magnús Davíð Norðdahl, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Akraneskaupstaður skipar tvo fulltrúa, sem skv. samþykki bæjarráðs, dags. 18. desember 2025 eru:

Jóhann Þórðarson og Steinar Adolfsson.

Borgarbyggðar skipar tvo fulltrúa, sem skv. samþykkt byggðaráðs, dags. 18. desember 2025 eru:

Sigurður Guðmundsson og Davíð Sigurðsson.

Borgarstjóri, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar og sveitarstjóri Borgarbyggðar eiga jafnframt seturétt á fundum nefndarinnar.

Með eigendanevnd starfa borgarlögmaður, borgaritari, forstjóri Orkuveitunnar og yfirlögfræðingur og þeir starfsmenn Orkuveitunnar og eigendasveitarfélaga sem kallaðir eru til verka hverju sinni.

Orkuveitan ber ábyrgð á undirbúningi og úrvinnslu funda og leggur til starfsmann til þess.

Eigendanevnd skal skila tillögum til sveitarstjórna eigenda fyrir 31. desember 2026.

Samþykkt á fundum borgarráðs, bæjarráðs og byggðaráðs, 18. desember 2025.